

Nokkrar ábendingar við lestur

Fyrstu málfræðiritgerðarinnar

Codex Wormianus (Ormsbók) er eitt helsta handrit Snorra-Eddu, en þar er líka varðveitt elsta safn íslenskra málfræðiritgerða. Þær eru alls fjórar, og eru nefndar *Fyrsta*, *Önnur*, *Þriðja* og *Fjórða málfræðiritgerðin*, eftir þeirri röð sem þær hafa í handritinu. Venja er að nefna höfund Fyrstu málfræðiritgerðarinnar *Fyrsta málfræðinginn*, þar eð nafn hans er óþekkt.

Saga handritsins er ekki þekkt fyrir en frá s.hl. 16. aldar. En af stafsetningu og rithönd þess má ráða, að það sé ekki yngra en frá þriðja fjórðungi 14. aldar (1350-1375), en ekki heldur eldra en frá s.hl. 13. aldar. Líklegast er að það sé frá **um 1350**.

Fyrsta og Fjórða málfræðiritgerðin eru hvergi varðveittar annars staðar, en sú Önnur og Þriðja eru til í öðrum handritum einnig.

Af villum sem fyrir koma í texta Fyrstu málfræðiritgerðarinnar má ráða að *Codex Wormianus* sé ekki frumrit ritgerðarinnar, og sennilega er a.m.k. einn milliliður milli frumritsins og *Codex Wormianus*: *Frumrit* → *glatað eftirrit* → *Codex Wormianus*.

Skoðanir hafa verið skiptar um nákvæman ritunartíma frumrits Fyrstu málfræðiritgerðarinnar, en það er ljóst að hún hlýtur að vera frá elsta tímabili íslenskra bókmennta.

Allnákvæm fyrri tímamörk (*terminus post quem*) koma fram í upphafi Fyrstu málfræðiritgerðarinnar, þar sem minnst er á „þau hin spaklegu fræði er Ari Þorgilsson hefur á bækur sett af skynsamlegu viti“. Hér hlýtur að vera átt við *Íslendingabók*, sem samin var á árabílinu 1122-1132. Því getur Fyrsta málfræðiritgerðin varla verið rituð löngu fyrir 1125. Í upphafi ritgerðarinnar er einnig getið þess að lög séu rituð; og fyrsta íslenska lögbókin var einmitt skrifuð stuttu fyrir, eða veturinn 1117-1118.

Með ýmsum rökum hefur verið reynt að færa fyrri tímamörk nær okkur, allt að 1150. Þessi rök eru þó ekki talin nógu sannfærandi, og því varla hægt að setja fyrri tímamörk síðar en **1125**.

Ennþá erfiðara hefur reynt að fastsetja síðari tímamörk (*terminus ante quem*). Einu fullkomlega öruggu síðari tímamörkin eru ritunartími handritsins, þ.e. mið 14. öld.

Reynt hefur verið að finna síðari tímamörk með því að kanna stafsetningu þeirra 12. og 13. aldar handrita sem varðveitt eru, hvort í þeim gæti áhrifa frá endurbótum Fyrsta málfræðingsins. Ef t.d. flestum tillögum hans væri fylgt í handriti frá um 1200 hans væri mjög líklegt að Fyrsta málfræðiritgerðin væri eldri en umrætt handrit. Gallinn er bara sá að flestar „nýjungar“ Fyrsta málfræðingsins höfðu þekkt í íslensku áður. Fyrsti málfræðingurinn var **ekki að búa til ný tákna, heldur koma reglu á notkun tákna sem þegar höfðu borist til landsins**. *ç* og *y* voru notuð í karólingíska letrinu (*Caroline minuscule*) sem notað var á Englandi, og *ø* og *o* voru til í norsku o.v. Tillaga Fyrsta málfræðingsins um að tákna lengd sérhljóða með broddi var heldur ekki nýjung, né stafurinn *þ*, sem tekinn var úr enskri skrift á 11. öld.

Aðrar endurbætur Fyrsta málfræðingsins eru óþekktar utan Íslands; þ.e. að nota sérstakt tákni fyrir *ng*, punkt til að tákna nefkveðni, og upphafsstafi til að tákna tvöfaldan samhljóða. Líklegt er talið að a.m.k. hið síðastnefnda sé uppfinning Fyrsta málfræðingsins sjálfs. Af þessum tillögum er það aðeins sú síðastnefnda, að tákna tvöfaldan samhljóða með upphafsstöfum, sem fylgt er í handritum. Elstu handrit þar sem svo er gert eru frá síðustu áratugum 12. aldar og árunum kringum aldamótin. Ekkert þeirra er frumrit, svo að síðari tímamörk verða ekki nákvæm; en þau eru vanalega sett um **1175**. En vel gæti ritgerðin verið nokkrum áratugum eldri.

Eins og með fyrri tímamörkin hefur ýmsum rökum verið beitt til að gera síðari tímamörkin nákvæmari, þ.e. færa þau fjær okkur. Það hefur þó ekki tekist, og hið eina sem hægt er að segja með nokkurri vissu er að **ritgerðin sé samin á tímabilinu 1125-1175**. Líklegra er að hún sé frá f.hl. þessa tímabils, e.t.v. **um 1140**; en það verður þó ekki sannað.

Tilfni ritunar Fyrstu málfræðiritgerðarinnar er með öllu óljóst. Sumir hafa viljað setja það í samband við upphaf lagaritunar; í lögnum varðaði miklu að merking allra stafa væri ótvíræð, svo að ekki væri hægt að túlka lögin á fleiri en einn veg. En þetta er alveg ósannað.

Fyrsta málfræðiritgerðin hefur verið notuð sem heimild um upphaf íslenskra bókmennta, þ.e. það sem í upphafi er sagt um hvað skrifað sé á Íslandi. Þar er getið um þýðingar helgar. Ekki er víst hvað átt er við með því, vegna þess að so. *þýða* var á þessum tíma fremur notuð í merkingunni ‘útskýra’ en í nútímamerkingunni ‘snúa af einu máli á annað’. Sennilega er þó átt við hómilíur, en tvö hómilíuhandrit frá um 1200 eru varðveitt. Einnig gæti verið átt við heilagra manna sögur og postulasögur, sem vitað er að voru mjög snemma þýddar á íslensku.

Í umræddri klausu í Fyrstu málfræðiritgerðinni er hvorki minnst á konungasögur né Íslendingasögur. Þetta hefur verið notað sem röksemd fyrir því að ritun þeirra hafi ekki verið byrjuð á ritunartíma Fyrstu málfræðiritgerðarinnar. Þetta er þó hæpin röksemd, því að engin víska er fyrir því að Fyrsti málfræðingurinn hafi ætlað að telja upp allt sem skrifað hafði verið á Íslandi fyrir tíma ritgerðarinnar; hann hefur sennilega aðeins ætlað að nefna nokkur dæmi. Það er líka öruggt að t.d. rímtöflur (þ.e. tímatalafræði) höfðu áður verið skrifaðar, þótt þær séu ekki nefndar í ritgerðinni.

Höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar hefur haft góða þekkingu á þeim kenningum og viðhorfum í latneskri málfræði sem ríktu úti í Evrópu á hans tíma. Kunnátta hans á þessu sviði er þó ekki meiri en venjulegt er um menntamenn á þessum tíma. **Það sem gerir Fyrstu málfræðiritgerðina svo einstakt verk á sínu sviði er því ekki lærdómur höfundar, heldur frumleiki hans og hæfileikar til að beita kunnáttu þeirri sem hann hefur aflað sér á nýtt viðfangsefni; íslenskt hljóðkerfi.**

Reynt hefur verið að sýna fram á þekkingu Fyrsta málfræðingsins á öðrum erlendum málum en latínu, s.s. grísku, hebresku, ensku o.fl.; en vart er hægt að telja að það hafi tekist, og líklegast er að Fyrsti málfræðingurinn hafi hlotið menntun sína í íslenskum skóla; sennilega hefur hann verið prestlærður. A.m.k. er ljóst að hann var Íslendingur; það segir hann sjálfur í upphafi ritgerðarinnar.

Ætlun Fyrsta málfræðingsins var að **koma á umbótum í íslenskri stafsetningu**, þ.e. **aðlaga latneska stafrófið að íslensku hljóðkerfi**. Latneska stafrófið hafði verið notað hér frá upphafi ritaldar, en stafi hafði vantað til að tákna ýmis íslensk hljóð, og því var töluverður ruglingur á stafsetningunni.

Fyrsta málfræðiritgerðin er **helsta heimildin um hljóðfræði forníslensku**. En aðrar heimildir eru líka til; og með samanburði þeirra við Fyrstu málfræðiritgerðina má kanna gildi bæði þeirra og ritgerðarinnar. Þessar heimildir eru:

- 1) **Stafsetning elstu íslenskra handrita**, þ.e. frá s.hl. 12. aldar.
- 2) **Bragreglur eddukvæða, en þó einkum dróttkvæða**, en þær voru háðar mun strangari reglum en í eddukvæðum. Heimildir kvæðanna koma fram í: a) stuðlun; b) rími, bæði innrími (hendingum) og endarími; og c) byggingu vísuorðanna, þ.e. fjölda atkvæða í þeim og gerð atkvæðanna.
- 3) **Heimildir sem fást með samanburði; a) við síðari þróunarstig íslensku**, allt til nútímamáls; b) **við eldri málstig** (germönsku, fornnorrænu), en þau má finna með **samanburði við skyld mál**.

Þegar öllum þessum heimildum ber saman um hljóðfræðilega eiginleika (hljóðgildi) ákveðins hljóðans, er mjög líklegt að ákvarða megi hljóðgildið með fullri vissu. En þegar ein heimild eða fleiri er í mótsögn við hinar, sem oft gerist, verður að rannsaka gildi hvernar heimildar sérstaklega. Þetta gildir einkum þegar heimildirnar eru ekki allar frá nákvæmlega sama tíma.

Í fyrsta hluta sérhljóðakaflans setur Fyrsti málfræðingurinn fram **nú** eðlisólíka (*qualitatively distinct*) sérhljóða. Hann byrjar á latnesku sérhljóðunum fimm, *a, e, i, o, u*, og gengur að því sem gefnu að þeir séu aðgreindir í íslensku. Síðan bætir hann við fjórum nýjum sérhljóðum, *q, ȝ, ø, y*, sem hann ber saman við þá gömlu.

Ef fyrsti málfræðingurinn hefði ætlað að setja upp fullkomið hljóðkerfi fyrir íslensku hefði að sjálfsögðu ekki dugað að slá því föstu að gömlu sérhljóðarnir fimm væru aðgreindir hver frá öðrum í íslensku þótt þeir séu það í latínu. En nú var þetta ekki markmið Fyrsta málfræðingsins; hann vildi aðeins koma á endurbótum í stafsetningunni. Þess vegna gerir hann ekki heldur neina grein fyrir *i*-inu í lágmarkspörum sínum; því hafði ekki verið ruglað saman við neitt annað hljóð í stafsetningunni, svo að þar var engra endurbóta þörf.

Fyrsti málfræðingurinn lætur sér því nægja að sýna fram á að nýju sérhljóðarnir fjórir séu nauðsynlegir. Þetta gerir hann með fjórum **lágmarkspörum** (*minimal pairs*), þar sem allir sérhljóðarnir (nema *i*, eins og áður segir) koma fyrir í sama umhverfi, milli *s* og *r*. **Í hverju þessara para er einn nýju sérhljóðanna settur sem andstæða við þann af þeim gömlu, sem honum hafði helst verið ruglað saman við í stafsetningunni**. Kringum pörin býr Fyrsti málfræðingurinn til setningar sem sýna um hvaða orð er að ræða í hverju tilviki.

Með samanburði við aðrar heimildir kemur fram að **þær staðfesta oftast allar þær aðgreiningar sem Fyrsti málfræðingurinn setur upp milli sérhljóða**. Frá því eru þó örfáar undantekningar sem verður að skoða nánar.

- 1) Andstæðan *é:é* er staðfest bæði af samanburðarheimildum og rími, en ekki af stafsetningu elstu handrita; þau nota *e* stundum bæði fyrir *é* og *é*. Sami ruglingur í stafsetningu kemur fram í andstæðunni *o:ø*, og einnig *o:ø*. Samanborið við aðrar heimildir sem allar staðfesta aðgreiningu verður þó stafsetningin ekki þung á metunum.
- 2) Andstæðurnar *ó:é* og *y:í* eru staðfestar bæði af stafsetningu elstu handrita og rími í dróttkvæðum; einnig af samanburði við eldri málstig. En í nútímaíslensku eru bæði *ó* og *é* táknuð með *æ*, og *y* og *í* eru táknuð með *í* (frb. [i]). Þarna var þó örugglega um aðgreiningu að ræða, því að vitað er að *ó* og *é* runnu saman á miðri 13. öld, og *y* og *í* runnu saman á 16. öld.
- 3) Andstæðan *á:ó* er staðfest af stafsetningu elstu handrita og samanburði við eldri málstig. En þessi hljóð eru rímuð saman í dróttkvæðum, m.a.s. í aðalhendingum; og þau eru bæði táknuð með *á* (frb. [au]) í nútímaíslensku. Talið er að *á* og *ó* hafi runnið saman kringum aldamótin 1200. Einnig verður að gera ráð fyrir sérstöku skáldaleyfi sem leyfði að *á* og *ó* og einnig stuttu afbrigðin, *a* og *ø* væru rímuð saman, enda var það aðeins einn aðgreinandi þáttur sem hélt þeim aðskildum.

Þegar búið er að vega og meta allar aðrar heimildir um hljóðkerfi forníslensku má því segja að staðhæfing Fyrsta málfræðingsins um níu eðlisólíka sérhljóða hljóti fulla staðfestingu.

Fyrsti málfræðingurinn setur hvorki sérhljóð né samhljóð upp í kerfi. Slíkt var ekki á valdi hans, og þjónaði ekki heldur þeim tilgangi hans að koma á samræmi í íslenskri stafsetningu. Eina hugtakið sem hann kunnir til að greina sérhljóðana hvern frá öðrum var **munnopnun**. Upplýsingar Fyrsta málfræðingsins um mismunandi mikla munnopnun sérhljóðanna gefa ákveðnar vísbendingar, en nægja þó alls ekki til að setja upp kerfi. Til þess verður að grípa til utanaðkomandi heimilda, sem eru tvenns konar:

- 1) **Það gefur töluverðar vísbendingar hvernig latneska stafrófið var tekið upp við ritun íslensku. Gera má ráð fyrir að hvert íslenskt hljóð hafi fengið skriftákn sem notað var fyrir svipað hljóð í latínu.** Þótt margt sé á huldu um latneskan framburð er þó nóg vitað um hann til þess að hann veitir mikilvægar upplýsingar um hljóðfræði forníslensku. Stafsetning erlendra tökuorða, einkum manna- og staðanafna, getur líka gefið vísbendingar.
- 2) **Mikilvægari vísbendingar má fá með samanburði. Hér er einkum um að ræða samanburð við nútímaíslensku, þar sem hægt er að kanna hljóðin nákvæmlega. Einnig er samanburður við skyld mál mikilvægur.** Sú skoðun að *y* og *ø* hafi verið frammælt, kringd sérhljóð, *y* nálægt, en *ø* miðlægt, byggist t.d. nær eingöngu á samanburði við nútímaframburð þeirra hljóða sem þessi tákn standa fyrir í Norðurlandamálum.

Á þessum grundvelli; þ.e. upplýsingum Fyrsta málfræðingsins, latneskum framburði og samanburði við skyld mál og nútímaíslensku, hefur verið sett upp sérhljóðakerfi fyrir íslensku á miðri 12. öld:

	Frammælt		Uppmælt	
	Ókringt	Kringt	Ókringt	Kringt
Nálægt	i	y		u
Miðlægt	e	ø		o
Fjarlægt	ę		a	q

Í öðrum og þriðja hluta sérhljóðakaflans sýnir Fyrsti málfræðingurinn hvernig sérhver sérhljóðanna getur bæði verið langur og stuttur, og ýmist nefkveðinn eða ónefkveðinn. Þetta gerir hann einnig með lágmarkspörum; fyrst með níu pörum, þar sem sérhverjum hinna níu ónefkveðnu sérhljóða (*a e i o u ę ø ø y*) er stillt upp í andstöðu við samsvarandi nefkveðinn sérhljóða, sem táknaður er með punkti fyrir ofan (*á é í ó ú ę ó ø ý*). Síðan koma átján pör, þar sem hinir níu nefkveðnu og níu ónefkveðnu sérhljóðar eru settir í andstöðu við samsvarandi langa sérhljóða, sem merktir eru með broddi.

Staðhæfingar Fyrsta málfræðingsins um að nefkveðni hafi verið til í íslensku hafa lengi verið rengdar, öfugt við flestar aðrar fullyrðingar hans. Nefkveðni er hvergi táknuð í elstu handritum, svo að vitað sé, og öruggt er að í dróttkvæðum er ekki að finna neina aðgreiningu eftir nefkveðni. Í seinni tíma íslensku kemur nefkveðni ekki heldur fram nokkurs staðar.

En þessar heimildir mæla þó ekki beinlínis á móti nefkveðni, þótt þær staðfesti hana ekki. Og ástæðan fyrir því að nefkveðni er hvergi táknuð í handritum gæti verið sú að hún hefði horfið úr íslensku á 12. öld (eins og reyndar er talið). Einnig gæti verið um að ræða sérstakt skáldaleyfi, sem leyfði að ríma saman nefkveðin og ónefkveðin sérhljóð, eins og ríma mátti saman *a* og *q*.

Það er því ekki hægt að afsanna fullyrðingu Fyrsta málfræðingsins um nefkveðni í íslensku; og reyndar má færa rök að því að hann hafi rétt fyrir sér. Þau rök fást með samamburði við skyld mál. Þar kemur tvennt fram: a) að í öllum þeim orðum þar sem Fyrsti málfræðingurinn hefur nefkveðinn sérhljóða fór nefkveðinn samhljóði (*m* eða *n*) næst á eftir (eða undan) sérhljóðanum í frumnorrænu (eða frumgermönsku); og b) í þeim orðum þar sem Fyrsti málfræðingurinn hefur ónefkveðinn sérhljóða fór nefkveðinn samhljóði aldrei næst á eftir (eða undan) sérhljóðanum.

Nefkveðnina má styðja fleiri rökum:

- 1) Í frumnorrænu rúnalettri voru nefkveðið og ónefkveðið *a* ekki táknuð með sömu rún.
- 2) Aðgreining milli nefkveðinna og ónefkveðinna sérhljóða er til í sænskri mállýsku (í Dölunum).
- 3) Mismunandi breytingar urðu í kerfi langra nefkveðinna og langra ónefkveðinna sérhljóða í íslensku; langt nefkveðið *ǫ* rann saman við *ó*, en langt ónefkveðið *ǫ* rann saman við *á*.

Niðurstaðan verður því sú að Fyrsti málfræðingurinn hafi rétt fyrir sér; nefkveðnir sérhljóðar hafi verið til í íslensku á miðri 12. öld.

Fyrsti málfræðingurinn kemur ekki með nein lágmarkspör til að greina nefkveðnu sérhljóðana **hvern frá öðrum**; hann lætur sér nægja að greina þá frá þeim ónefkveðnu. Þó er talið fullvíst að hann hafi rétt fyrir sér, og til hafi verið níu mismunandi nefkveðnir sérhljóðar.

Ekki hefur Fyrsti málfræðingurinn heldur nein lágmarkspör til að greina **stutta nefkveðna sérhljóða** frá **stuttum ónefkveðnum**. Sé litið á dæmin um **stutta** sérhljóða kemur fram að alls staðar þar sem sérhljóði er sagður nefkveðinn stendur nefkveðinn samhljóði næst á undan eða eftir honum; og þar sem **stuttur** sérhljóði er sagður ónefkveðinn, stendur nefkveðinn samhljóði aldrei næstur honum. **Stuttir nefkveðnir og stuttir ónefkveðnir sérhljóðar standa því í fyllidreifingu**. Sérhvert stutt sérhljóðshljóðan hafði tvö hljóðbrigði; annað var nefkveðið og kom aðeins fyrir næst á undan eða eftir nefkveðnum samhljóða; hitt var ónefkveðið, og var notað í öllum öðrum stöðum. **Nefkveðni var því aðeins aðgreinandi þáttur í löngu sérhljóðunum**. Í staðinn fyrir **36**, eins og Fyrsti málfræðingurinn heldur fram, voru sérhljóðshljóðönnin því aðeins **27** (og þó raunar ekki nema **26**, sjá síðar).

Aðgreining stuttra og langra sérhljóða, sem Fyrsti málfræðingurinn setur fram, er staðfest af öllum öðrum heimildum. Í handritum er lengd að vísu yfirleitt ekki táknuð sérstaklega; þó er í einu handriti frá um 1200 (*Stokkhólms-hómilúbókinni*) ætíð notaður broddur yfir langa sérhljóða.

Þess er þó að geta að í bakstöðu (þ.e. í lok orða) var engin lengdaraðgreining; **sérhljóði í enda orðs taldist hvorki langur né stuttur, heldur hlutlaus hvað varðar lengd**.

Fyrsti málfræðingurinn hefur engin lágmarkspör til að greina hina níu eðlisólíku **stuttu** sérhljóða hvern frá öðrum (í upphafi, þegar hann greinir hina níu eðlisólíku sérhljóða sundur, eru öll dæmi hans af löngum sérhljóðum). Aðgreiningar Fyrsta málfræðingsins milli þessara stuttu sérhljóða eru staðfestar af öðrum heimildum, þó með nokkrum undantekningum.

- 1) Aðgreiningin *a:ø* er staðfest af öllum heimildum nema dróttkvæðum; þessi tvö hljóðönn eru rímuð saman í aðalhendingum á sama hátt og löng *á* og *ó*, eins og áður er getið.
- 2) Aðgreiningin *y:i* er staðfest af öllum heimildum nema nútímaíslensku. En vitað er að *y* og *i* runnu saman á 16. öld, eins og *y* og *í*.
- 3) Aðgreiningin *ø:ø* kemur yfirleitt ekki fram í nútímaíslensku. Nú er yfirleitt skrifað *ö* í stað þeirra beggja, þótt stöku sinnum hafi *e* komið í stað *ø*. En hægt er að sýna fram á að *ø* og *ø* runnu saman í byrjun 13. aldar.
- 4) **Aðgreiningin milli *e* og *ę* hlýtur hins vegar ekki staðfestingu frá neinum öðrum heimildum**. Þau eru táknuð eins í stafsetningu; þau eru rímuð saman í aðalhendingum dróttkvæðanna; og í seinni tíma íslensku eru bæði táknuð með *e*. Með samanburði við skyld mál kemur að vísu fram að *e-ið* var af þrenns konar uppruna; en sá munur sem Fyrsti málfræðingurinn gerir á *e* og *ę* samræmist alls ekki eldri málstigum. Við athugun á dæmum sem Fyrsti málfræðingurinn hefur um muninn á *e* og *ę* kemur fram að þau sanna ekkert. Í báðum þeim dæmum þar sem stutt *ę* á að koma fyrir er það í bakstöðu, í áherslulausu atkvæði; en eins og áður er sagt var lengd ekki aðgreinandi þáttur í bakstöðu, og þessi *e* eru því hvorki löng né stutt.

Því verður að telja að Fyrsti málfræðingurinn hafi rangt fyrir sér í þessu atriði, og aðeins hafi verið til eitt stutt *e-hljóðan*. Það hafði hins vegar tvö hljóðbrigði; [e] í áherslulausum atkvæðum og [æ] sem kom aðeins fyrir í áhersluatkvæðum. Þau virðast því hafa staðið í fyllidreifingu. Ástæða þess að Fyrsti málfræðingurinn setur upp aðgreiningu milli þeirra er sennilega

sú að hann er búinn að finna út að aðgreining er á milli löngu hljóðanna *é* og *é*; og þá gerir hann ráð fyrir að einnig sé aðgreining milli samsvarandi stuttra hljóða, án þess að prófa það nánar.

Í kerfi stuttu sérhljóðanna eru því aðeins átta hljóðön, sem setja má svo upp:

	Ókringt		Kringt	
	Frammælt	Uppmælt	Frammælt	Uppmælt
Nálægt	i		y	u
Miðlægt	e		ø	o
Fjarlægt		a		ø

Hér er þátturinn *kringt* – *ókringt* orðinn megingintónþáttur (*primary tonality feature*), vegna þess að hann dugir til að greina að *a* og *ø*; þátturinn *frammælt* – *uppmælt* dugir hins vegar hvergi einn sér til að greina sundur hljóðön. MeGINGINTÓNÞÁTTUR ER SÁ, SEM EINN SAMAN GREINIR SUNDR FLEST HLJÓÐÖN.

Mun minni endurbóta var þörf á samhljóðakerfinu en sérhljóðakerfinu. Nokkrum latneskum samhljóðum var sleppt, en fáeinir nýir teknir upp, en sérhljóðunum þurfti að fjölga úr 5 upp í 36 (þótt sérhljóðshljóðönnin væru raunar aðeins 26, eins og áður er sagt).

Eftir stuttan inngang fer Fyrsti málfræðingurinn að telja upp samhljóðana og gera grein fyrir þeim. Hann nefnir alls 14 samhljóða, en þar af er aðeins einn, *b*, íslensk viðbót við latneska stafrófið. Þess vegna notar Fyrsti málfræðingurinn ekki sömu aðferð og við sérhljóðana; hann setur ekki upp nein lágmarkspör til að greina samhljóðana hvern frá öðrum. Vegna þess hve nýjungarnar í samhljóðunum voru litlar, hafði ruglingurinn þar verið miklu minni. Og m.a.s. *b* hafði þekkt í íslenskri skrift fyrir tíma Fyrsta málfræðingsins.

Í stað lágmarkspara til að greina samhljóðana hvern frá öðrum kemur Fyrsti málfræðingurinn með tillögu um hvernig greina skuli sundur einfalda og tvöfalda (þ.e. stutta og langa) samhljóða. Hann vill tákna tvöfalda samhljóða með upphafsstöfum, þannig að í stað *bb* sé ritað *B* o.s.frv. Hann gerir sér þó grein fyrir því að þessi aðgreining á aðeins við ef sérhljóði er næst á undan samhljóðanum; ef sérhljóðinn er á eftir, kemur aðeins einfaldur samhljóði til greina (ekki er hægt að segja t.d. *bbe*).

Ekki greinast allir samhljóðarnir í stutta og langa; eins og Fyrsti málfræðingurinn tekur fram, eru *h* og *þ* alltaf einfaldir, þ.e. stuttir.

Íslenska samhljóðakerfið sem Fyrsti málfræðingurinn notar hefur því **14 einfalda samhljóða og 12 tvöfalda**, þ.e. upphafsstafi. Við þetta bætast tveir stafir sem tákna samhljóðasambönd; þ.e. *g* fyrir *ng* og *x* fyrir *ks*. Samtals eru þetta **28** tákn. Síðar bættist svo titullinn við.

Eftir að hafa gert grein fyrir samhljóðakerfi sínu ber Fyrsti málfræðingurinn það saman við latneska stafrófið, og fjallar sérstaklega um viðbætur sínar og úrfellingar. Í síðasta hluta samhljóðakaflans beitir svo Fyrsti málfræðingurinn sömu aðferð og við sérhljóðana; hann setur upp lágmarkspör til að sýna mun langra og stuttra sérhljóða.

Fyrsta málfræðiritgerðin gefur nánast engar upplýsingar um hljóðgildi (þ.e. aðgreinandi þætti) hinna mismunandi samhljóða. Eina undantekningin er aðgreining einfaldra og tvöfaldra samhljóða, svo og kaflinn um *ng*, þar sem fram kemur – að vísu óbeint – að *n* sé nefhljóð. Við röðun samhljóðanna í kerfi verður því að byggja eingöngu á utanaðkomandi heimildum, sem áður er fjallað um. Skástrikið táknar raddað/óraddað.

	Varamælt	Tannmælt	Gómfillumælt	Raddbandahljóð
lokhljóð	p/b	t/d	k/g	
önghljóð	f	þ		
blísturshljóð		s		h
nefhljóð	m	n		
sveifluhljóð		r		
hliðarhljóð		l		